

Skagafjarðarveitur ehf.

Fundur 136 – 15.09.2010

Miðvikudaginn 15. september árið 2010, kom stjórn Skagafjarðarveitna ehf. saman til fundar kl. 16.00 að Borgarteigi 15 Sauðárkróki.

Mættir voru stjórnarmennirnir: Einar Gíslason, Jón Magnússon og Úlfar Sveinsson, Páll Pálsson veitustjóri og Árni Egilsson sem ritaði fundargerð.

DAGSKRÁ:

1. Hækkun á gjaldskrá hitaveitu.
2. Kaldavatnsbúskapurinn.
3. Málefni Gagnaveitu Skagafjarðar
4. Önnur mál
 - a. endurskoðun fjárhagsáætlunar 2010

Afgreiðslur:

1. Lögð fram gögn sem sýna þróun gengis og vísitölu miðað við hækkun á heitu vatni hjá Skagafjarðarveitum ehf.
Stjórnin samþykkir að hækka gjaldskrá hitaveitu um 4% frá 1. okt. 2010.
2. Páll gerði grein fyrir stöðu kaldavatnsbúskapsins á Sauðárkróki, en staða hans er ekki góð eftir þá þurrkatíð sem hefur verið í sumar. Sjóveitan er komin í gagnið og er Dögun að fá um 12 sek/l af sjó.
3. Farið yfir málefni Gagnaveitu Skagafjarðar.
4. Önnur mál.
 - a. Endurskoðuð fjárhagsáætlun verður lögð fyrir næsta fund 2010.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.25
Árni Egilsson ritari (sign)

Einar Gíslason (sign)
Jón Magnússon (sign)
Úlfar Sveinsson (sign)
Páll Pálsson (sign)